

Lög Akks Styrktar- og menningarsjóðs VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna.

1. gr. Nafn sjóðsins

- 1.1. Sjóðurinn heitir Akkur, Styrktar- og menningarsjóður VM - Félags vélstjóra og málmtæknimanna. Heimili og varnarþing hans er í Reykjavík.
- 1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli samþykktar félagsfundar Vélstjórafélags Íslands frá 7. okt. 2006.
- 1.3. Sjóðurinn er í eigu og umsjón VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna.
- 1.4. Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu berast sjóðstjórn á þar til gerðum eyðublöðum sem liggja skulu frammi hjá sjóðstjórn.

2. gr. Stofnandi og stofnfé sjóðsins

- 2.1. Stofnandi sjóðsins er Vélstjórafélag Íslands. Stofnfé sjóðsins er kr. 145.778.982, en það er óskerðanlegur höfuðstóll sjóðsins. Stofnféð skal ávaxta á sem bestan hátt og varðveita í bankainnistæðum og traustum verðbréfum.

3. gr. Markmið og verkefni sjóðsins

- 3.1. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi málaflokka:
Rannsóknir:
 - a) Vinnuumhverfi og aðbúnaður félagsmanna VM.
 - b) Námsfni og kennsluaðferðir í námi félagsmanna VM.
Styrkir:
 - a) Brautryðjendastarf.
 - b) Þróunarstarf.
 - c) Menning og listir.
- 3.2. Til þess að sjóðurinn geti náð megintilgangi sínum er stjórn sjóðsins heimilt að eiga samstarf við aðra aðila og gera í því skyni samkomulag um samstarf við aðra um ákveðin verkefni.

4. gr. Stjórn og rekstur

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Stjórn sjóðsins skal kjósa á aðalfundi VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skipa félagsmenn VM að frátöldum

formanni. Einfaldur meirihluti ræður um niðurstöður mála á stjórnarfundum. Fundargerð skal rituð vegna stjórnarfunda.

- 4.2. Stjórn sjóðsins ber að vinna að markmiðum hans. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur í samræmi við verkefni og tilgang sjóðsins. Stjórnarfundir skal boða með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstakra mála ef málefnið varðar hann persónulega.
- 4.3. Stjórn sjóðsins skal halda fundi eins oft og þurfa þykir og aldrei sjaldnar en einu sinni á ári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa árlega úr sjóðnum fjárhæð sem nemur allt að 90% af raunávöxtun sjóðsins á liðnu rekstrarári hans. Stjórn er heimilt að fresta úthlutun úr sjóðnum til næst árs, sé að mati stjórnar, ekki fyrir hendi styrkhæf verkefni samkvæmt markmiðum sjóðsins og bætist þá ráðstöfunarfé sjóðsins það árið við ráðstöfunarfé næsta árs.

5.gr. Ársreikningur og endurskoðun

- 5.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Í ársskýrslu VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna skal gerð grein fyrir fjárreiðum sjóðsins sem skal endurskoðaður af endurskoðanda félagsins.

6.gr. Slit sjóðsins

- 6.1. Verði af ófyrirséðum ástæðum ákveðið að slíta starfsemi sjóðsins ganga eignir hans til VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna.

7gr. Breytingar á samþykktum sjóðsins

- 7.1. Breytingar á samþykktum sjóðsins öðlast ekki gildi nema þær hafi hlotið samþykki meirihluta félagsmanna á aðalfundi VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna.

Þannig samþykkt á aðalfundi VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

26. mars 2011.